

Móttökuáætlun Skóla Ísaks Jónssonar fyrir nemendur af erlendum uppruna

Þegar sótt er um skólavist fyrir nemendur af erlendum uppruna með annað móðurmál en íslensku hefur skólastjóri samband við foreldra og býður þeim til sérstaks móttökufundar.

Á fundinum er farið í gegnum ýmsar grunnupplýsingar um námið, skólastarfið, skólasamfélagið og þá þjónustu sem boðið er upp á. Upplýsingabæklinga má afhenta. Farið er með nemandann og foreldra í kynnisferð um skólann og starfsmenn kynntir. Aflað er upplýsinga um bakgrunn og stöðu nemandans skv. móttökuferli um móttöku innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkur sem sjá má í Handbók Menntasviðs:

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/handbok_april09.pdf

Skólastjóri metur hvort boða þurfi túlk á fundinn og kannar hvort foreldrar séu samþykkir því að nýta túlk. Skólastjóri ber ábyrgð á móttöku erlendra nemenda í samvinnu við umsjónarkennara.

Umsjónarkennari nemandans fær þær upplýsingar um nemandann sem fyrir liggja.

Á grundvelli þeirra leggur hann drög að því hvernig unnið verður með nemandanum fyrst um sinn. Umsjónarkennari ber höfuðábyrgð á því að starfsmenn og bekkjarfélagar viti af og búi sig undir komu nýja nemandans. Umsjónarkennari vinnur í samvinnu við sérkennslustjóra og þeir útbúa einstaklingsáætlun.